

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 29. ágúst 2024 í máli nr. 10/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. janúar 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að afhenda henni hund sem hún keypti af varnaraðila. Til vara gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að greiða henni skaðabætur sem nema þeirri upphæð sem kostar að flytja inn hund að utan. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 18. janúar 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 31. janúar 2024. Athugasemdir bárust í kjölfarið frá sóknaraðila 13. febrúar 2024 og loks athugasemdir frá varnaraðila þann 20. febrúar 2024.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, skjáskot, afrit af skriflegum samskiptum aðila, staðfesting á greiðslu kaupverðs, staðfesting á endurgreiðslu kaupverðs til sóknaraðila, afrit af samningi vegna eigendaskipta og afrit af kaupsamningi.

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili festi kaup á hvolpi af tegundinni [...] af varnaraðila og greiddi kaupverð að fjárhæð 350.000 krónur. Kaupsamningur var undirritaður þann 27. júlí 2023 og hvolpurinn afhentur sama dag.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að varnaraðili hafi beiðið um að koma og kíkja á hvolpinn um þremur vikum eftir að kaupin fóru fram. Varnaraðili hafi mætt heim til sóknaraðila snemma morguns þann 19. ágúst og upplýst sóknaraðila um að hún ætlaði að taka hvolpinn til baka vegna andlegra veikinda sóknaraðila. Varnaraðili hafi tekið hvolpinn af heimili sóknaraðila og í kjölfarið endurgreitt kaupverð hvolpsins. Sóknaraðili kveðst ekki hafa þekkt rétt sinn og því ekki haft vit á að mótmæla aðgerðum varnaraðila.

Varnaraðili hefur vísað til þess að eitt af skilyrðum fyrir sölu hvolpsins hafi verið að heimilisaðstæður kaupanda væru í lagi. Varnaraðili kveðst hafa fengið fregnir af andlegum veikindum sóknaraðila skömmu eftir sölu hvolpsins. Þá hafi varnaraðili fengið fregnir af því að hvolpurinn byggji við bágar aðstæður og að sóknaraðili væri ófær um að hugsa um hvolpinn á því tímabili. Varnaraðili vísar í því

samhengi einnig til færslu sóknaraðila á Facebook þar sem hún tjáir sig opinskátt um andlegt ástand sitt. Varnaraðili bendir á að heimilisaðstæður sóknaraðila hafi ekki verið í samræmi við þær upplýsingar sem hún veitti varnaraðila fyrir kaupin á hvolpinum. Loks vísar varnaraðili til þess að aðilar hafi verið sammála um að best væri ef varnaraðili myndi taka hvolpinn til baka vegna ástandsins og varnaraðili hafi í kjölfarið endurgreitt sóknaraðila kaupverð hvolpsins. Varnaraðili hafi litið svo á að um samkomulag væri að ræða, enda hafi sóknaraðili samþykkt að afhenda henni hundinn og gefið upp reikningsupplýsingar vegna endurgreiðslu.

IV

Lagaumhverfi

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. þeirra. Með neytanda er í lögum nr. 81/2019 átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi.

Sóknaraðili og varnaraðili eru einstaklingar. Af gögnum málsins verður þó ráðið að sóknaraðili hafi fest kaup á hvolpinum sem heimilishundi og að varnaraðili hafi selt fleiri hvolpa en þann sem deilt er um í máli þessu. Kaupverð hvolpsins var að fjárhæð 350.000 krónur. Með hliðsjón af gögnum málsins verður ekki annað séð en að um sölu í atvinnuskyni hafi verið að ræða í skilningi laga nr. 81/2019. Um kaupin gilda ákvæði laga nr. 48/2003 um neytendakaup, enda verður að telja að varnaraðili hafi atvinnu af sölnunni í skilningi laganna, sbr. 2. mgr. 1. gr. nkpl.

Í IX. kafla nkpl. er fjallað um úrræði seljanda vegna vanefnda af hálfu neytenda. Í 45. gr. nkpl. segir að seljandi geti rift kaupum vegna dráttar á greiðslu kaupverðsins eða annarra samningsbrota þegar um verulegar vanefndir af hálfu neytanda er að ræða. Í 2. másl. 1. mgr. 45. gr. segir að seljandi geti ekki rift kaupunum eftir að kaupverðið hefur verið greitt. Riftun er afdrifaríkt úrræði sem verður aðeins beitt þegar skilyrði hennar eru uppfyllt. Mat á því hvort um verulega vanefnd sé að ræða sem veitir rétt til riftunar byggir á heildarmati. Sá sem lýsir yfir riftun án þess að skilyrði riftunar séu uppfyllt getur með því bakað sér bótaábyrgð gagnvart viðsemjanda sínum eða eftir atvikum verið dæmdur til að efna viðkomandi samning in natura.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili keypti hvolp af tegundinni [...] af varnaraðila þann 27. júlí 2023 og greiddi 350.000 krónur fyrir. Þann 19. ágúst sama ár mætti varnaraðili heim til sóknaraðila til að kíkja á hvolpinn en taldi aðstæður hjá sóknaraðila ekki góðar fyrir hvolpinn. Í kjölfarið tók varnaraðili hvolpinn til baka og endurgreiddi kaupverð hans sama dag. Sóknaraðili hefur vísað til þess að hafa ekki þekkt rétt sinn og ekki vitað að hún gæti neitað aðgerðum varnaraðila. Sóknaraðili gerir aðallega kröfu um að varnaraðila verði gert að afhenda sóknaraðila umræddan hvolp en til vara gerir sóknaraðili kröfu

um að varnaraðila verði gert að greiða skaðabætur sem nema þeirri upphæð sem kostar að flytja inn hund að utan.

Kærunefndin lítur svo á að aðgerðir varnaraðila, að taka hvolpinn og endurgreiða kaupverðið, hafi falið í sér riftunaryfirlýsingu. Í undirrituðum kaupsamningi kemur fram að kaupandi hvolps skuli hugsa vel um hundinn, kynna sér uppeldi og sækja námskeið ef kostur er. Sóknaraðili hefur vísað til þess að ástand hvolpsins hafi ekki verið gott og að hvolpurinn hafi búið við slæmar aðstæður sökum andlegs ástands sóknaraðila. Varnaraðili hefur lagt fram skjáskot af færslum sóknaraðila þar sem hún tjáir sig um andlega heilsu og vísað til þess að hvolpurinn hafi verið óöruggur og að ljóst væri að umhverfisþjálfun hafði ekki verið sinnt. Að mati kærunefndarinnar hefur varnaraðili ekki sýnt fram á að sóknaraðili hafi vanrækt hvolpinn eða með öðrum hætti vanefnt verulega samning aðila sem réttlæti fyrirvaralaus riftun af hálfu varnaraðila. Þá bendir kærunefndin á að varnaraðili rifti kaupunum eftir að sóknaraðili hafði greitt fyrir hvolpinn að fullu. Með hliðsjón af framangreindu telur kærunefndin að fyrirvaralaus riftun varnaraðila á kaupsamningi hafi verið ólöglegt.

Með vísan til eðlis þeirra kaupa sem málið snýst um telur kærunefndin ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að afhenda umræddan hvolp, enda er liðið rúmt ár frá því að hvolpurinn var tekinn af heimili sóknaraðila. Varðandi varakröfu sóknaraðila þá liggur fyrir að varnaraðili endurgreiddi sóknaraðila kaupverð hvolpsins. Sóknaraðili telur að hún geti ekki keypt hvolp af íslenskum ræktanda og þurfi að flytja inn hvolp erlendis frá. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að tjón hennar vegna riftunar varnaraðila sé meira en sem nemur endurgreiðslu kaupverðs né að orsakatengsl séu milli meints tjóns og riftunar varnaraðila. Af þeim sökum er kærunefndinni ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um skaðabætur.

Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson